

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda-eigi teknar til greina, og þar sem má fallast á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málfutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málfutningsmanns stefnda hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Gísli Hjálmarsson greiði málfutningskaup hins skipaða málfutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 12/1917.

Gísli Hjálmarsson

gegn

Sveini Björnssyni f. h.

Guðjóns S. Scheving.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður

Sveinn Björnsson, fyrir hönd Guðjóns Sveinssonar Scheving fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Gísla Hjálmarssyni útgerðarmanni í Reykjavík, til þess að fá hann dæmdan til að greiða umbjóðanda sínum eftirstöðvar af kaupum hans 300 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði. Áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur stefnda og krafðist þess í aðalmálinu að verða algerlega sýknaður, og í gagnsökinni krafðist hann þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kr. 331.06 í skaðabætur fyrir samningsrof og verkfall með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags. Til vara krafðist hann þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða skaðabætur eftir réttarins eða óvilhallra manna mati, og að skuldajöfnuður yrði gerður á þeirri upphæð, er stefnda kynni að verða tildæmd í aðalmálinu og þeirri upphæð, er áfrýjanda yrði tildæmd í gagnsökinni og stefndi dæmdur til að greiða mismuninn. Loks krafðist hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 11. jan. þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda f. h. Guðjóns S. Schevings 279 kr. 30 a. með 5% ársvöxtum frá 3. desbr. 1915 til greiðsludags. Málskostnaður var látinn falla niður, en skipuðum málaflutningsmanni stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanni Sveini Björnssyni, voru dæmd málfutningslaun 35 kr. úr landsjóði.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 14. febr. þ. á., og gerir hann hér fyrir réttinum sömu kröfur og fyrir undirrætti. Svo hefir hann krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Guðjóni S. Scheving hefir verið veitt gjafvörn.

yfir yfirdómi í máli þessu, og hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður verið skipaður til að flytja málið fyrir hönd gjafvarnarhafa. Hefir hann krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Með samningi dags. í Reykjavík 13. maí 1915, réðst stefndi, Guðjón S. Scheving, áskant 3 sjómönnum öðrum, á mótorbát áfrýjanda fyrir tímabilið frá 13. maí til 14. okt. 1915, og skyldi hann hafa í kaup 70 kr. á mánuði og kauplaust fæði og húsnæði. Skyldi áfrýjandi greiða alt kaupgjaldið, að frádregnu því, er hinn ráðni hefði fengið greitt upp í það á ráðningartímanum, þó því að eins, eins og stendur í ráðningarsamningnum, að þeir, (þ. e. sjómennirnir) uppfylli loforð sín og séu ekki frá verki fyrir veikindi eða annað.

Upp í kaup sitt 350 kr. taldi stefndi sér greitt kr. 50.00, en til greiðslu á eftirstöðvunum kr. 300.00 höfðaði hann mál þetta eins og áður segir, en frá þessari upphæð var í undirrétti dregið kaup og fæðispeningar í 3 daga, sem álitíð var að stefndi hefði eigi unnið í þarfir áfrýjanda, kr. 11,49, og vátryggingargjald kr. 3.96 og kr. 5.25, er áfrýjandi ómótmælt taldi sig hafa greitt stefnda umfram áður nefndar 50 krónur.

Kröfu sína um sýknun af kaupkröfum stefnda byggir áfrýjandi á því, að stefndi hafi hinn 12. júlí 1915 ólöglega og ástæðulaust lagt niður vinnu og ekki unnið í 5 daga. Telur áfrýjandi þetta svo mik-

ið brot á ráðningarsamningnum. að stefndi hafi fyrir-gert öllum rétti til kaupgjalds eftir 12. júlí.

Það virðist nú ekki geta komið til mála að skjila svo ráðningarsamninginn 13. maí 1915, að til hafi verið ætlast að útiloka alla kaupgreiðslu, ef sjómenn þeir, er þar ræðir um, væru einhverja daga frá verkum vegna veikinda eða annara orsaka, eins og áfrýjandi heldur fram. Síðustu málsgrein sammingsins verður þvert á móti að skilja svo, að við lok ráðningartímans beri að greiða kaupið að fullu að frádregnu því, er sjómennirnir hafa fengið greitt upp í það á ráðningartímanum og að frádregnu hlutfallslegu kaupi fyrir þann tíma, sem þeir hafa verið frá verkum vegna sjúkdóma eða af öðrum ástæðum. Þar sem nú áfrýjandi hefir eigi haldið því fram, að stefndi hafi verið frá verkum meir en um-rædda 5 daga, og þar sem eigi er upplýst annað en að stefndi hafi að öðru leyti unnið trúlega í þarfir áfrýjanda allan ráðningartímann, verður ekki um annan frádrátt að ræða frá kaupkröfu hans en hlut-fallslegt kaup og ef til vill fæðispeninga fyrir nefnda 5 daga, eða það af þeim, sem stefndi kynni að hafa verið frá verkum, af ástæðum, sem áfrýjanda sé eigi um að kenna.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að sökum verk-falls stefnda og annara háseta 12. til 16. júlí, hafi bátur sá, er stefndi var ráðinn á ekki getað gengið til fiskiveiða í 5 daga, en við það hafi hann farið á mis við tekjur af fiskiveiðum kr. 1284.25 og telur hann að stefndi eigi að svara til  $\frac{1}{4}$  hluta af þeirri upphæð eða kr. 321.06.

Stefndi hefir frá sinni hálfu mótmælt skaðabóta-kröfu áfrýjanda. Telur hann að það hafi verið áfrýjanda að kenna, að róðrar hafi fallið niður nokkra daga, með því að sjómennina hafi vanhagað um ýmislegt, er þeir þurftu á að halda, en ráðsmaður áfrýjanda, sem sjómennirnir hafi átt að snúa sér til, hafi verið peningalaus og hafi ekkert haft til af því, sem sjómennina hafi vanhagað um, og verið rekinn úr þjónustu áfrýjanda í sama mund.

Þar sem nú einn af vélbátum áfrýjanda »Málmey« hafi þurft að fara til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi tveir af formönnum áfrýjanda og nokkrir af sjómönnum farið með bátnum til Reykjavíkur til að tala við áfrýjanda til að reyna að ráða bót á ólaginu á útgerðinni. Áfrýjandi hafi þá orðið við kröfum sjómanna, og þeir komið til Sandgerðis daginn eftir, — en þaðan gekk báturinn til fiskiveiða —; yfir höfuð hafi róðrar ekki lagst niður nema 3 daga. Hvað stefnda sjálfann snertir tekur hann það fram, að hann hafi róið á mótorbátnum »Málmey«, er fór til Reykjavíkur til viðgerðar, hafi báturinn verið settur upp í Slippinn og þar gert við hann, hafi viðgerðin tekið 2 daga og sé það með öllu tilhæfulaust, að hann hafi gert verkfall, neitað að hlýða formanni sínum eða á nokkurn hátt gert sig sekan um samningsrof. Áfrýjandi hefir mótmælt þessari skýrslu stefnda. Heldur hann því fram, að honum hafi ekki borið nein skylda til að greiða sjómönnum neitt fyrir en að ráðningartímanum loknum, að ráðsmaður hans í Sandgerði hafi ekki átt að gera annað en að stjórna vinnunni og aðgerð á mótorbátnum »Málmey«, hafi

verið ónauðsynleg og að eins farið fram úr því báturinn á annað borð var kominn til Reykjavíkur.

Það virðist nú ekki ástæða til að rengja það, að róðrar hafi fallið niður á umræddum bát frá 12.—16-júlí 1915, en það virðast vera færð næg rök fyrir því, að báturinn hafi þurft viðgerðar; þannig hefir smiður sá, er gerði við bátinn, gefið vottorð um það, og staðfest fyrir rétti, að báturinn hafi verið ósjófær áður en hann gerði við hann. Til viðgerðarinnar gengu 2 dagar og verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að ekki sé heimild til að draga af kaupum stefnda fyrir þá daga, sem hann beið eftir bátnum. Hins vegar hefir undirdómarinn talið rétt að draga frá kaupum stefnda hlutfallslegt kaup fyrir hina 3 dagana svo og fæðispeninga fyrir þá daga, en eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, verður þessu eigi breytt.

Eftir að viðgerðinni var lokið, var bátnum haldið út til fiskiveiða með sömu áhöfn og áður, og með því þannig fyrirvaralaust að hafa sjómennina áfram í þjónustu sinni eins og ekkert hefði í skorist út ráðningartímann virðist áfrýjandi hafa samþykkt að borga þeim umsamið kaup þeirra að honum loknum og gat hann þá ekki komið fram með háa skaðabótakröfu á hendur þeim, þegar hann átti að fara að greiða þeim lokakaup þeirra, kröfu, er mundi svifta þá því öllu og meiru til. — Hvað stefnda snertir er það auk þess með öllu ósannað, að hann hafi gjört verkfall eða neitað að hlýða formanni sinum og að róðrar hafi fallið niður fyrir þá sök, og er þá þegar

af þeirri ástæðu engin heimild til þess að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur áfrýjanda-eigi teknar til greina, og þar sem fallast má á ákvæði undirdómsins um málskostnað ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Það vottast að málsfærsla hins skipaða málflutningsmanns stefnda hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandinn Gísli Hjálmarsson greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Sveins yfirréttarmálaflutningsmanns Björnssonar, 20 kr. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 9. júlí 1917.

Nr. 11/1917.

Gísli Hjálmarsson  
gegn  
Sveini Björnssyni f. h.  
Guðjóns Árnasonar.